

Launastefna Öskju og systurfélaga

Forstjóri Öskju og framkvæmdastjórar systurfélaga bera ábyrgð á launastefnu fyrirtækjanna. Þau bera einnig ábyrgð á jafnlaunastefnu og að þeim lagalegu kröfum og öðrum kröfum sem tengjast jafnlaunakerfinu sé framfylgt.

Mannauðsstjóri er í forsvari fyrir jafnlaunakerfið og er ábyrgur fyrir innleiðingu og viðhaldi þess í samræmi við staðalinn ÍST 85:2012.

Askja og systurfélög greiða laun sem taka mið af þeim kröfum sem starfið gerir um þekkingu, hæfni og ábyrgð. Umfang og eðli starfsins hefur áhrif á laun og ræðst af fjölmögum þáttum, svo sem reynslu, þekkingu, hæfni, ábyrgð, álagi, mannaforráðum, menntun, stjórnun og verkefnum.

Forsendur launaákvarðana eru að þær séu í samræmi við launauppbyggingu fyrirtækjanna, studdar rökum og tryggi að sömu laun séu greidd fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf.

Endanleg ákvörðun um launabreytingu er tekin af mannaudsstjóra og forstjóra Öskju og framkvæmdastjórum hjá systurfélögum. Starfsfólk á rétt á viðtali um endurskoðun launa einu sinni á ári við sinn næsta stjórnanda. Telji stjórnandi þörf á endurskoðun launa að loknum fundi hefur hann samráð við mannaudsstjóra og framkvæmdastjóra um framhald málsins.

Hjá fyrirtækjunum eiga að vera til starfslýsingar fyrir öll störf. Þar skulu koma fram allir meginþættir starfs, svo sem kröfur um menntun, hæfni, reynslu og þá ábyrgð sem í starfinu felst.

Jafnlaunastefna Öskju og systurfélaga

Markmið Öskju og systurfélaga er að vera eftirsóttur vinnustaður og að konur og karla hafi jöfn tækifæri í starfi. Liður í því er að allt starfsfólk njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar.

Til að framfylgja jafnlaunastefnu skuldbinda fyrirtækin sig til að skjalfesta, innleiða, viðhalda og bæta stöðugt stjórnun jafnlaunakerfisins í samræmi við kröfur staðalsinns og ákvarða hvernig kröfur hans verða uppfylltar. Til að styðja við þetta markmið er stuðst við starfahópa sem meta á kerfisbundinn hátt þau störf sem starfsfólk Öskju og systurfélaga sinnir með tilliti til ábyrgðar, álags og sérhæfni.

Forstjóri skilgreinir jafnlaunamarkmið og vinnur að stöðugum umbótum, eftirliti og viðbrögðum í samræmi við kröfur jafnlaunastefnu á rýnifundum einu sinni á ári.

Komi í ljós launamunur á jafn verðmætum og sambærilegum störfum í launagreiningum eða innri eða ytri úttektum skal rýna niðurstöður úttekta og gera umbætur þegar þess er þörf ef ekki er hægt að rökstyðja launamuninn á málefnalegen hátt. Stefna um launajafnrétti og niðurstöður launagreininga skulu kynntar öllu starfsfólk.

Jafnlaunastefnan er órjúfanlegur hluti af launastefnu fyrirtækjanna.

Samþykkt af framkvæmdastjórn 20. júní 2019 og uppfærð 6.3.2024



Jón Trausti Ólafsson, forstjóri